

Fundur 21.10.2024 Kreon, af Neanderdals kynstofni.

Góða kvöldið, komið þið sæl.

*Góða kvöldið.*

Mikil er orkan hjá okkur og tengsla netið er svo mikilvægt.

Skyldmenni okkar komust í gegn hjá ykkur, en ættstofn okkar er fjölmennur og stór og þegar, að ættingjum okkar er sótt, þá reynum við að hjálpa til og senda þeim orku og finnum við hvernig helstefnu öflin reyna að höggva niður ættstofn okkar.

Og hefur það orðið mér til gæfu að ég hef bæði lært læknisfræði og félagsfræði og nokkrar skildar greinar, og er ég svo stoltur af því að tegund okkar sem ekki þótti framfara væn lengi vel, hefur eignast hliðargreinar þar sem andlegur og líkamlegur þroski hefur komist upp á stig, sem er sambærilegt við ykkar tegund og margar aðrar af ættstofnum mannsins á jörðunni.

Og er ég staddur á hnetti þar sem framfarir hafa orðið miklar og er ég stoltur af því að hafa tekið við góðu búi og okkur var treyst fyrir að koma á hnött, þar sem fyrir var gömul tegund sem farin var að visna.

Og eignuðumst við afkvæmi með þeim, og jók það andlega hæfni tegundar okkar og höfðum við fengið til baka mikið af líkamlegum styrk okkar þar áður, í þeirri jarðvist sem þar áður við lifðum.

Og er það stöðug barátta okkar að halda fullu minni og fullum starfs kröftum, þar sem helstefnu öflin reyna að aftur þróa okkur og úrkynja í þá mynd sem við vorum áður fyrr.

Þannig að við missum forskot það sem við fengum á ættingja okkar á þessum mikla stofni mannkynsins.

Ég er læknisfræði menntaður og ég er afkomandi góðrar konu sem var vísindakona á þessum hnetti og faðir minn, var hann líkamlega sterkur og af fornum ættstofni frumstæðari manna sem hingað komu.

Og hefur starf mitt verið krefjandi og hef ég bæði fengið orku úr því og hefur það tekið orku úr mér, þar sem við höfum orðið þess vör að helstefnu öflin hafa reynt að trufla okkur og færa í hið gamla horf.

En höfum einnig orðið þess vör að helstefnu öflin sækja á fornar ættkvíslir mannkynsins.

Og vildi ég koma þeim skilaboðum til ykkar að hefur Jahve og öðrum helstefnu öflum tekist að gera rannsóknir á ættingjum okkar, til þess að koma inn erfðagöllum.

Af Neanderdals manna ættkvísl er ég, en hef ég náð framförum og forfeður okkar blönduðust skynsamari tegundum, og höfum náð miklum árangri, skynsöm sem þið, og get ekki haldið áfram.

*Þið gerðuð margt skynsamlegt hér á jörðunni.*

Já þakka þér fyrir, finnum tengingu, það þarf að lækna ættingja okkar sem gerðir voru sjúkir, komuð að því síðar.

Þakka þér fyrir.

*Áttu nafn á þér fyrir okkur ?*

Kreon, kveð ég ykkur, þakka ég fyrir.

*Má ég koma með eina spurningu ? Var það Jahve sem gerði þessa forfeður þína sjúka ?*

Það er nýskeð þeir réðust inn á hnöttinn og hluti af þessu Covid, það eru gerðar tilraunir til að finna gen sem gætu valdið sjúkdómum og dauðsföllum.

Og veiran send annað, gerðar tilraunir, mannréttindi þeirra ekki virt sem skyldi.

Og notaðir eins og dýr í tilraunastofum.

Þakka ég fyrir spurninguna, var hún mjög mannúðleg og viturleg og hjálpaði mér að koma með þetta betur fram.

Verið þið sæl, þakka ég fyrir.

*Þakka þér kærlega, ég ætla að vona að fundurinn okkar hafi hjálpað eitthvað.*

Já býst ég við því, verið þið sæl og vonandi komum við síðar.

*Endilega.*